Hagasmára 1
201 Kópavogi
s. 512 8900
reginn.is

# Reginn hf.

## Eftirfarandi eru í framboði til stjórnar Regins hf. á aðalfundi félagsins fimmtudaginn 7. mars 2023:

## Til aðalstjórnar bjóða sig fram:

### Benedikt Olgeirsson

Fæðingarár: 1961.

Menntun: M.Sc. í framkvæmdaverkfræði og verkefnastjórnun frá University of Washington í Seattle 1987 og B.Sc. í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands 1982.

Aðalstarf: Sjálfstætt starfandi við stjórnarsetur, ráðgjöf og fjárfestingar.

Starfsreynsla: Framkvæmastjóri innviðaþróunar Landspítala (2019-2021), Framkvæmdastjóri þróunar á Landspítala (2015-2019), Aðstoðarforstjóri Landspítala (2010-2015), Framkvæmdastjóri umbreytingaverkefna hjá Atorku (2005-2009), Framkvæmdastjóri Parlogis (2004-2005) auk annarra stjórnunarstarfa hjá Eimskip (1993-2004).

Núverandi stjórnarseta: Í stjórn Regins frá mars 2022, Vörður tryggingar (stjórnarformaður) frá 2017, Vörður líftryggingar (stjórnarformaður) frá 2017, Bens Capital ehf. (stjórnarformaður) frá 2021, Iceland Soccer Travel (stjórnarformaður) frá 2017, Rexby (stjórnarformaður) frá 2021, IST immobilen (stjórnarmaður) frá 2021 og Íslenskir fjörfestar (stjórnarformaður) frá 2022.

Önnur stjórnarseta og trúnaðarstörf: Arion banki (2013-2017) og sat einnig í lána og áhættunefnd bankans. Promens (2005-2010), InterBulk Group (2007-2010) og Icepharma og Parlogis (2005-2007).

Hlutafjáreign í Reginn hf.: Engin

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl eru við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

### Bryndís Hrafnkelsdóttir

Fæðingarár: 1964.

Menntun: Viðskiptafræðingur Cand. Oecon 1989 og. og M.S. gráða í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2015.

Aðalstarf: Forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands frá 2010.

Starfsreynsla: Landfestar fjármálastjóri frá 2008-2010, Kaupþing banki hf. sérfræðingur á fjármálasviði samstæðu frá 2007-2008, Debenhams á Íslandi, framkvæmdastjóri 2000-2006, Hagkaup fjármálastjóri frá 1996-2000, Hof eignarhaldsfélag aðalbókari frá 1994-1996 og KPMG endurskoðun og bókhald frá 1990-1993.

Núverandi stjórnarseta: Í stjórn Regins frá apríl 2014 og varaformaður frá mars 2022. Formaður skólanefndar Verslunarskóla Íslands frá 2006, Ofanleiti 1 ehf. (stjórnarformaður) frá 2011, TM frá 2011 (varastjórn).

Önnur stjórnarseta og trúnaðarstörf: Pfaff hf. 2007-2012 (meðstjórnandi).

Hlutafjáreign í Reginn hf.: Bryndís á 18.509 hluti eða 0,0010%.

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl eru við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

### Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Fæðingarár: 1975.

Menntun: M.S. gráða í fjármálum frá Háskóla Íslands 2011. Prisma, diplómanám frá Listaháskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst 2009. B.S. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1998.

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri verslunarsviðs Húsasmiðjunnar ehf. frá 2020.

Starfsreynsla: Rekstrarstjóri verslunarsviðs Fríhafnarinnar ehf. (2018-2020), Framkvæmdastjóri Igló ehf. (2011-2016). Verkefnastjóri Baugur Group 2002-2009 á sviði smásölu, fasteigna og trygginga. Senior Account Manager Kaupthing Bank Luxembourg SA 2000-2002. Sjóðstjóri og eignastýring Verðbréfasjóður Íslandsbanka VÍB 1997-2000.

Núverandi stjórnarseta: Í stjórn Regins frá mars 2018. Svanni-lánatryggingarsjóður kvenna (stjórnarformaður) frá 2017 og Brunnur vaxtarsjóður slhf. frá 2022 (stjórnarmaður).

Önnur stjórnarseta: Norðlenska matborðið (2020-2022), Hagar (2006-2009), DAY Birger et Mikkelsen (2007-2009), 101 Skuggahverfi hf. (2005-2006), Akraland ehf. (2005-2006), Allianz ehf. (2003-2005) og Vörður vátryggingafélag hf. (2003-2005).

Hlutafjáreign í Reginn hf.: Engin.

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl eru við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

## Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Fæðingarár: 1969

Menntun: Cand.jur. frá Háskóla Íslands 1995 og réttindi til málflutnings í héraðsdómi 1996. Starfsmannastjórnun frá Háskólanum á Akureyri 1999, löggildingu í verðbréfamiðlun 2006 og AMP frá IESE Business School 2017.

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja.

Starfsreynsla: Sjálfstætt starfandi lögmaður og stjórnarmaður í fyrirtækjum (2013-2022). Var áður framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Eimskips frá 2006-2012, framkvæmdastjóri hjá LEX lögmannsstofu frá 2003-2005, upplýsingafulltrúi Landsímans frá 2001-2003, framkvæmdastjóri starfsþróunarsviðs og lögfræðingur hjá KEA frá 1998-2001 og lögmaður hjá Lögmannsstofu Akureyrar frá 1995-1998.

Núverandi stjórnarseta: Í stjórn Regins frá mars 2019. Royal Arctic Line (stjórnarmaður og nefndarmaður í endurskoðunarnefnd) og Múli lögmannsstofa (stjórnarmaður).

Önnur stjórnarseta: Íslandsbanki hf. varaformaður og í stjórnarhátta- og mannauðsnefnd (2016-2022), Icelandair Group hf. (2018-2020), Lögmannafélag Íslands (2015-2019), Olís (2012-2019), Síminn (2013-2018) Gildi lífeyrissjóður (2008 -2014), Norðlenska (2008-2016), Íslensk verðbréf (2014-2016), Reiknistofa bankanna (2012-2016) í endurskoðunar- og starfskjaranefnd, Ístak hf. og Ístak Ísland ehf. (2013-2015), Arion verðbréfavarsla (2009-2011) og Landssamband lífeyrissjóða (2013-2016).

Hlutafjáreign í Reginn hf.: Engin.

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl eru við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

## Óskar Jósefsson

Fæðingarár: 1957

Menntun: M.Sc. Iðnaðar og rekstrarverkfræði 1993 og B.Sc. í vélaverkfræði 1991 í Danmörku.

Aðalstarf: Rekstrarráðgjafi.

Starfsreynsla: Allrahanda GL framkvæmdastjóri 2022, Stjórnstöð ferðamála framkvæmdastjóri frá 2016-2020, Ístak hf. og Ístak Ísland ehf. forstjóri frá 2014-2015, Kaupþing framkvæmdastjóri upplýsinga- og tæknisviðs bankans frá 2003-2008, Landssími Íslands forstjóri frá 2001-2002, PricewaterhouseCoopers eigandi og sviðsstjóri ráðgjafasviðs (1993-2003).

Núverandi stjórnarseta: Rekstrarþjónustan ehf. (stjórnarmaður), Xyzeta ehf. (stjórnarformaður), Advance ehf. (stjórnarmaður), Þarfaþing hf. (meðstjórnandi), Green Atlantic Data Centers ehf. (meðstjórnandi), Vörukaup ehf. (meðstjórnandi), Framkvæmdafélagið Skjaldbreið ehf. (meðstjórnandi), Kötluvikur ehf. (meðstjórnandi) og Lögskipti ehf. (varamaður).

Önnur stjórnarseta og trúnaðarstörf: Auðkenni ehf. (stjórnarformaður), Reiknistofa bankanna

Hagasmára 1
201 Kópavogi
s. 512 8900
reginn.is

(stjórnarformaður), Tæknivörur ehf. (stjórnarformaður), Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta (stjórnarformaður), Síld og fiskur ehf. (stjórnarformaður), Rekstrarfélagið Brautarholti (stjórnarformaður), PwC ehf. (varaformaður), Hálsafell ehf. (stjórnarmaður), Steypustöðin ehf. (stjórnarmaður), ePóstur (stjórnarmaður), Blásalir ehf. (stjórnarmaður), Fárbauti ehf. (stjórnarmaður), Hug/Ax (stjórnarmaður), Anza hf. (stjórnarmaður), Grunnur Gagnalausnir ehf. (stjórnarmaður), Holta kjúklingur ehf. (stjórnarmaður), Húnakaup hf. (stjórnarmaður).

Hlutafjáreign í Reginn hf.: Engin.

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl eru við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

## Tómas Kristjánsson

Fæðingarár: 1965.

Menntun: MBA frá háskólanum í Edinborg 1997, Cand. Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1989, löggiltur verðbréfamiðlari 2001.

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Siglu ehf.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri Siglu ehf., starfað sem eigandi frá árinu 2007, 1998-2007 framkvæmdastjóri áhættustýringar, fjárstýringar og reikningshalds hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, síðar Glitni banka, 1990-1998 yfirmaður lánaeftirlits Iðnlánasjóðs.

Núverandi stjórnarseta: Í stjórn Regins frá apríl 2014 og stjórnarformaður frá mars 2017. Sigla ehf. (meðstjórnandi), Klasi ehf. (meðstjórnandi), Heljarkambur ehf. (stjórnarformaður), Grunnur I hf. (stjórnarformaður), Smárabyggð ehf. (stjórnarformaður), Húsafell Resort ehf. (meðstjórnandi), KLS eignarhaldsfélag ehf. (stjórnarformaður) og Adelfa ehf. (meðstjórnandi).

Önnur stjórnarseta og trúnaðarstörf: Sjóva – Almennar tryggingar hf. (varaformaður), NV lóðir ehf. (stjórnarformaður), Borgarhöfði fasteignaþróun ehf. I, II og III (stjórnarformaður), Húsafell hraunlóðir ehf. (meðstjórnandi) og Hótel Húsafell ehf. (meðstjórnandi), Sena ehf. (meðstjórnandi), Eimskipafélag Íslands hf. (meðstjórnandi), Icelandair Group hf. (varamaður).

Hlutafjáreign í Reginn hf.: Sigla ehf., sem Tómas á að fullu á 61.700.759 hluti í félaginu eða 3,38%.

Hagsmunatengsl: Engin hagsmunatengsl eru við stærstu viðskiptavini félagsins, keppinauta þess eða hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu en telst háður stjórnarmaður þar sem hann er annar aðaleigandi KLS eignarhaldsfélags ehf. og situr í stjórn Klasa ehf. sem er samstarfsaðili Regins og Haga hf. vegna reksturs fasteignaþróunarfélags Klasa ehf.